

G-saga

Einn daginn var vondur galdrakarlínn mjög glaður því hann hafði fengið hugmynd. Hann vissi alveg hvernig hann gæti hrekkst allt fólkið á Íslandi. Hann læddist af stað um nóttina og galdraði burt allt grænmetið í landinu. Næstu daga urðu allir slappir og þreyttir því að þeir fengu ekki vítamínin úr grænmetinu. Allra verst var það í heilsuleikskólanum, því að þar voru börnin von að borða svo mikið grænmeti. Öllum þótti grænmetishvarfið mjög furðulegt, því að enginn vissi hver hefði tekið það.

Einn strákurinn í leikskólanum hét _____ . Hann var að velja þessu fyrir sér eitt kvöldið þegar hann var að fara að sofa og sagði þá upphátt við sjálfa sig: ”Ég vildi að ég vissi hver hefði stolið öllu grænmetinu. Þá gæti ég farið til hans og látið hann skila því aftur.”

Morguninn eftir vaknaði hann mjög snemma við að einhver var að pota í nefið á henni. Hann opnaði augun og varð furðu lostin þegar hann sá, að þetta var tuskudýrið hans, hann Grislingur. hann varð enn meira hissa þegar hann heyrði, að Grislingur var að tala við hann: ” _____ ! _____ ! Meintirðu það þegar þú sagðir að ef þú vissir hver hefði tekið grænmetið þá myndirðu láta hann skila því?”

”Já, auðvitað meinti ég það,” svaraði _____ .

”Þá skulum við leggja af stað!” sagði Grislingur. ”Ég veit nefnilega hver tók

grænmetið! Það var vondur galdrakarlínn! Við skulum fara að kastalanum hans!”

_____ flýtti sér í fötin og svo hélt hann af stað með Grisling undir handleggnum.

Þegar þeir voru búin að ganga lengi, lengi, og voru komnir inn í dimman skóg, heyrðu þeir skrýtin hróp og köll skammt frá veginum. Þeir gengu á hljóðið og sáu svolítið fyndna sjón! Gömul galdranorn stóð með nefið fast í tré og reyndi að kalla á hjálp: ”Gnjálp, Gnjálp, gnlosið gnefið gmitt!” hrópaði hún sífellt.

_____ greip grein sem hann notaði til að stækka holuna í trénu, sem nefið var í, svo að loksins tókst gömlu norninni að losa sig.

”Þakka þér kærlega fyrir, elsku barn!” sagði hann. ”Ég er bara gömul, fátæk galdranorn og á ekki mikið til að launa þér. En hér færðu samt töfrapoka sem þú getur tekið upp úr hvað sem þú þarft á að halda. Vonandi verður hann þér að gagni!”

_____ þakkaði fyrir sig og þeir Grislingur héldu för sinni áfram. Innan skamms voru þeir komnir að kastala galdrakarlsins. _____ bankaði á kastaladyrnar, og galdrakarlínn kom út. ”Hvað vilt þú, litli strákur?” spurði hann dónalega ”Sérðu ekki að ég er upptekinn?”

_____ lét nú ekki slá sig út af laginu heldur sagði strax: ”Þú verður að skila grænmetinu okkar, galdrakarl. Við fáum ekki nóg af vítamínunum þegar við höfum ekkert grænmeti að borða”.

”Ha, ha,” sagði galdrakarlinn. ”Eins og mér sé ekki sama! En ég skal samt skila því ef þér tekst að leysa fyrir mig þraut. Hann er mjög erfið. Ég er viss um að lítill strákur eins og þú getur ekki leyst hana.”

”Allt í lagi, hvaða þraut er þetta?” spurði _____ svolítið smeykur.

”Af því að grænmeti byrjar á G verður þú að láta mig fá tíu hluti sem byrja á G. Og ég vil fá þá strax! Ha, ha, ha!”

_____ brosti, því hann mundi eftir pokanum sem gamla galdranornin hafði gefið honum. Hann stakk hendinni niður í hann og tók upp úr honum fyrsta hlutinn....

(Barnið tekur einn hlut í einu upp úr pokanum, segir hvað hann heitir, og leggur á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðar).

Galdrakarlinn vildi ekki sætta sig alveg strax við þessa niðurstöðu. ”Allt í lagi,” sagði hann, ”þú skalt fá grænmetið. En þá verðurðu líka að segja mér hvað grænmetistegundirnar heita!”

(Barnið bendir á grænmetisspjöldin tíu eitt af öðru í þeirri röð sem það sjálf vill, og segir um leið heiti grænmetistegundanna).

“Aargh!” æpti galdrakarlinn. “Græn-myglóttir gráðostar frá Grindavík! Hvernig fórstu að þessu, strákur?! Hérna er þá grænmetið og komdu aldrei aftur!” Svo strunsaði hann inn í kastalann og skellti á eftir sér hurðinni.